

**Hitaveita Reykjavíkur. Mælingaeftirlit á
Nesjavöllum, haustið 1988**

Ómar Sigurðsson

Greinargerð Ómar-88-06

HITAVEITA REYKJAVÍKUR
Mælingaefirlit á Nesjavöllum haustið 1988

Mælingar á Nesjavöllum

Dagana 18.-20. og 25.-26. október voru hita- og þrýstimældar sex holur á Nesjavöllum, holur NG-7, NG-10, NJ-12, NJ-14, NJ-15 og NJ-18. Ekki var hægt að mæla holu NJ-17 á þessum tíma, þar sem röng gerð af húsi var yfir holunni og rafloki lokaður, og rafdrif vantaði á hann. Holu NJ-17 var því mæld 23. nóvember eftir að kúluhús hafði verið hækkað og rafloki opnaður. Ekki var reynt að mæla holu KhG-1 við Kolviðarhól, þar sem vitað er frá fyrri mælingum í vor og sumar að holan er stífluð á um 373 m dýpi. Þessar mælingar sem nú voru gerðar eru hluti af mælingaefirliti á Nesjavöllum til að fylgjast með breytingum í jarðhitakerfinu þar. Mælingar úr holum NJ-17 og NJ-18 fá aðeins lauslega umfjöllun, þar sem fjallað verður nánar um þær í fjórðu áfangaskýrsluum holuna sem kemur út á næstunni. Yfirlit yfir mælingarnar er birt í töflu 1, en mælingarnar eru birtar í töflum 2-20 og sýndar á myndum 1-19. Á myndunum eru einnig sýndar síðustu mælingar til samanburðar. Auk þessa er á myndum 20-26 tekið saman yfirlit yfir hita- og þrýstibreytingar í holunum síðustu 2-3 árin. Valin eru þau dýpi í holunum þar sem vendipunktur kom fram í þrýstimælingum við upphitun holanna.

TAFLA 1 Mældir metrar

88.10.26	NG-7	AM-hiti	0 - 1968 m
88.10.26	NG-7	AM-þrýst.	0 - 1968 m
88.10.18	NG-10	GO-hiti	0 - 548 m
88.10.19	NG-10	AM-hiti	600 - 1760 m
88.10.19	NG-10	AM-þrýst.	0 - 1760 m
88.10.25	NJ-12	GO-hiti	0 - 700 m
88.10.25	NJ-12	AM-hiti	800 - 1802 m
88.10.25	NJ-12	AM-þrýst.	0 - 1802 m
88.10.19	NJ-14	AM-hiti	0 - 1268 m
88.10.19	NJ-14	AM-þrýst.	0 - 1268 m
88.10.19	NJ-15	GO-hiti	0 - 538 m
88.10.20	NJ-15	AM-hiti	600 - 1707 m
88.10.20	NJ-15	AM-þrýst.	0 - 1707 m

88.11.23	NJ-17	GO-hiti	0 - 640 m
88.11.23	NJ-17	AM-hiti	700 - 1952 m
88.11.23	NJ-17	AM-þrýst.	0 - 1952 m
88.10.18	NJ-18	GO-hiti	0 - 822 m
88.10.18	NJ-18	AM-hiti	900 - 1984 m
88.10.18	NJ-18	AM-þrýst.	0 - 1984 m
Alls mældir metrar			24.530 m

Vatnsborð var einnig mælt í holunum, nema holu NG-7 og NJ-14 sem voru í blæðingu með þrýsting á holutoppi.

Vatnsborð í holunum mældist:

NG-10	163,55 m	frá 3" loka	þann 18/10 kl 18:20
NJ-12	124,77 m	frá aðalloka	þann 25/10 kl 13:27
NJ-15	143,30 m	frá 3" loka	þann 19/10 kl 18:40
NJ-17	227,00 m	frá rafloka	þann 23/11 kl 11:25
NJ-18	135,20 m	frá 3" loka	þann 18/10 kl 13:30

Toppþrýstingur holu NG-7 var 43-44 bar meðan mælt var, en á holu NJ-14 var hann um 7,2 bar.

Hola NG-7

Hola NG-7 var síðast mæld í maí 1988, en þar áður í september 1986. Samanburður við síðustu mælingar sýnir að holan er enn hitnandi neðan 1000 m dýpis. Hitamælirinn sem notaður var núna við mælingarnar virðist liggja um 2 °C hærra, en mælur sem notaðir voru við eldri hitamælingar í holunni. Hitnunin neðan 1000 m dýpis í holunni er því um eða yfir 2 °C frá því í vor. Ofan 1000 m dýpis er holan í suðu, en gas sem kemur úr æðum á 900-1000 m dýpi veldur því. Hiti holunnar þar er líklega nær óbreyttur frá því í vor, þó blæðing úr holunni kundi að hafa aukist á tímabilinu. Blæðigat í tappa hafði sorfist og stækkað um rúman 1 mm í þvermál (>6 mm) og toppþrýstingur hækkað um 0,5-1,0 bar frá því í vor. Blæðigat var lagað og þrengt auk þess sem skipt var um 3" lokann á holunni eftir að mælingum lauk.

Ekki eru merkjanlegar breytingar milli þrýstimælinganna nú og í vor. Á 1400 m dýpi mælist þrýstingur nú 108,41 bar sem er örlítill hækkun frá því í vor (108,05 bar), en er vel innan skekkjumarka mælisins. Þrýstingur á 1400 m mælist nú sá sami og áætlaður var þar í jarðhitakerfinu út frá mælingum á þrýstingsjöfnun holunnar 1986. Niðurdráttur upp á 4,2 bar, sem þá fékkst með samanburði við fyrstu mælingar úr holu NG-7, er því enn til staðar. Þessi niðurdráttur gæti verið aðeins minni því mælirinn sem notaður var í upphitun holunnar (EL-51948) sýnir að jafnaði um 1 bar hærri þrýsting, en sá mælir sem hefur verið notaður eftir lokun hennar (EL-68556).

Hola NG-10

Við síðustu hitamælingar í holu NG-10 hefur orðið vart við verulega kólnun í holunni frá því hitaástandi sem ríkti eftir blástur hennar. Þegar holan var síðast mæld í vor varð enn vart kólnunar, nú virðist sem komið sé á jafnvægi aftur. Á 1000-1400 m dýpi hefur holan kólnað um 3 °C, en þar fyrir neðan hitnað um 2 °C frá því í vor. Hiti í holunni núna er svipaður og mældist í upphitun í febrúar 1985 niður á 1400 m dýpi, en þar fyrir neðan 10-20 °C heitari. Hiti í dýptarbilinu 1400 m til botns er nú svipaður eða nokkru lægri en áætlaður berghiti á því bili. Eins og komið hefur fram í fyrri greinargerðum er orsök kólnunarinnar talin vera að kaldara vatn hafi dregist inn í jarðhitakerfið og að holunum við blástur holu NJ-15. Einnig er millirensli í holunni sjálfri talið eiga þar einhvern þátt í hversu jöfn kólnunin hefur verið yfir alla holuna. Nú virðist þessari kælingu að mestu lokið og jarðhitakerfið farið að jafna sig aftur.

Þrýstingur í holunni mælist nú svipaður og áður og er breytingin milli mælinga innan skekkjumarkna mælisins. Þrýstingur á 1500 m dýpi mælist nú 117,04 bar, sem samsvarar áætluðum upphafsþrýstingi í jarðhitakerfinu á þessu dýpi.

Hola NJ-12

Við samanburð á hitamælingum nú og frá því í vor sést að hiti er óbreyttur í efstu 700 m holunnar. Þar fyrir neðan liggur hitamælingin nú almennt 1-2 °C hærra en mælingin í vor. Hér var notaður sami hitamælir og í holu NG-7 og gæti sú kvörðun sem stuðst var við fyrir mælinn verið um 2 °C of há, eins og minnst var á í umræðunni fyrir holu NG-7. Ef svo er má segja að hiti í holunni sé nær óbreyttur frá því í vor.

Þrýstingur mælist nú aðeins hærra en í vor. Þrýstingur nú er þó ekki mikið hærra, en hann hefur áður mælst og breytingin innan skekkjumarkna mælisins. Þó kemur fram svipuð breyting í holu NJ-17 og því rétt að fylgjast nánar með þessu. Á þessum tíma hefur jarðhitakerfið náð að jafna sig eftir blástur holu NJ-18, en henni var lokað í maí 1988.

Hola NJ-14

Hola NJ-14 var síðast mæld vorið 1988. Ekki eru merkjanlegar hitabreytingar í holunni milli mælinganna nú og þá. Svipað gildir um þrýstimælingarnar, þar sem mælingin frá því í vor var talin vera aðeins of há.

Hola NJ-15

Við samanburð við síðustu mælingar frá því í maí 1988 sést að hola NJ-15 er enn að kólna í efstu 500 m og nálgast ríkjandi berghita þar. Í efstu 500 m holunnar mælist hiti nú að jafnaði aðeins um 2 °C hærra, en í síðustu upphitunarmælingu fyrir blástur holunnar. Holan virðist nú vera komin í jafnvægi við ríkjandi berghita niður á rúmlega 900 m dýpi. Þar fyrir neðan er holan enn nokkru kaldari, en hún mældist í upphitun. Kælingin stafaði af því að kalt vatn drógst inn í jarðhitakerfið þann tíma sem holan blés. Þessi kæling hefur að miklu leiti gengið til baka eftir að holunni var lokað í júlí 1987. Frá því í vor hefur vinnsluhluti holunnar hitnað um 2-3 °C, þannig að sú kæling sem enn er til staðar í holunni er að jafnaði aðeins um 2-5 °C.

Þrýstingur í jarðhitakerfinu við holu NJ-15 jafnaði sig fljótt eftir að lokað var fyrir blástur holunnar. Þrýstingur á 1500 m dýpi mælist nú 115,05 bar sem er örlitlu hærra en áður (114,4 bar). Breytingin er þó innan skekkjumarkna mælisins.

Hola NJ-17

Við samanburð við síðustu mælingar frá því í vor sést að hiti í holunni hefur lítið breytst síðan þá. Helstu hitabreytingarnar eru í efstu 600 m, en þar er holan enn að kólna eftir blástur og nálgast ríkjandi berghita á þessu dýptarbili. Í efstu 600 m mælist holan nú að jafnaði um 5 °C heitari, en í síðustu upphitunarmælingu í júní 1987. Holan blés í tæpa 3 mánuði á tímabilinu september til desember 1987. Í vinnsluhluta holunnar er hiti nær óbreyttur frá því í vor og er líklega nálægt berghita á því dýpi.

Vendipunktur í þrýstimælingum er talinn vera á um 1600 m dýpi í holunni og því talið að þrýstijafnvægi sé þar milli holunnar og jarðhitakerfisins. Á 1600 m dýpi mælist þrýstingur nú 122,8 bar, sem er örlitlu hærra en ótruflaður þrýstingur í jarðhitakerfinu (121,5 bar) er talinn vera á þessu dýpi. Mismunurinn er nærri skekkjumörkum mælisins og því óvíst hvort um raunverulega þrýstingshækkun sé að ræða. Svipuð hegðun kemur einnig fram í holu NJ-12, en í vor var lokað fyrir blástur úr holu NJ-18. Rétt er að fylgjast nánar með þessari þróun.

Hola NJ-18

Hola NJ-18 var síðast mæld í maí 1988, en þá var hún mæld nokkrum sinnum í tengslum við lokun holunnar. Síðan þá hefur holan kólnað töluvert í efstu 800 m. Hiti er þar þó enn nokkru meiri, en mældist í upphitun holunnar fyrir blástur og talinn er ríkjandi berghiti í efstu 800 m. Frá 900 m og til botns er hitinn í holunni svipaður og áætlaður berghiti á því dýptarbili.

Vendipunktur í þrýstimælingum er talinn vera á um 1700 m dýpi í holu NJ-18. Þrýstingur á því dýpi mælist nú 143,7 bar, en í upphitun mældist hann þar um 144,0 bar. Þrýstingur í jarðhitakerfinu við holu NJ-18 hefur því náð að jafna sig eftir blástur holunnar og er þessi mismunur milli mælinga innan skekkjumarka mælisins.

Breytingar síðustu ára

Í skýrslu um líkanreikninga fyrir jarðhitakerfið á Nesjavöllum (Guðmundur S. Böðvarsson 1987) er sett fram 5 ára spá um viðbrögð jarðhitakerfisins vegna blásturs hávermihola. Þar er reiknað með að hávermiholurnar NG-6, NJ-9, NJ-11, NJ-13 og NJ-16 blási næstu árin, þar sem erfitt er að halda þeim lokuðum vegna hás lokunarþrýstings. Einnig er reiknað með að hola NG-5 verði í rekstri til að knýgja tilraunastöðina. Spáð er fyrir um breytingar í rennsli og vermi fyrir blástursholurnar, en þrýstingsbreytingar í holum NG-7, NG-10, NJ-12, NJ-14 og NJ-15. Spáin nær yfir árin 1987-1991 og byggir á vinnslusögu svæðisins fyrir árin 1982-1986. Almenn gerir spáin ráð fyrir þrýstilækkun í jarðhitakerfinu og að suða breiðist út í því út frá vinnsluholumum.

Á yfirlitsmynd yfir þrýsting og hita á 1400 m dýpi í holu NG-7 frá lokun holunnar í febrúar 1986 sést að þrýstingur nær fljótlega jafnvægi og verður stöðugur í kringum 108 bar. Hiti hefur hins vegar verið vaxandi á þessum tíma og mælist nú hærra en nokkru sinni fyrr í holunni. Ekki er ljóst að svo stöddu hvað veldur þessari miklu og stöðugu hitnun jarðhitakerfisins við holuna, en nauðsynlegt er að fylgst verði grant með þessari þróun. Spáin fyrir þessa holu gerir ráð fyrir 0,8 bar/ári þrýstilækkun og að veruleg suða verði í jarðhitakerfinu við holuna vegna blásturs hola 5, 11 og 16. Um 1,5 bar þrýstilækkun á síðastliðnum tveim árum er meiri en mæliskekkjan og ætti að sjást í mælingum. Eins og sést á yfirlitsmyndinni benda mælingar til hins gagnstæða.

Á yfirlitsmynd yfir þrýsting og hita á 1500 m dýpi í holu NG-10 má sjá hvernig þrýstingur og hiti hafa breytst frá lokun holunnar í júní 1986. Á myndinni sést að þrýstingur jafnaði sig fljótt eftir blástur og hefur haldist nær óbreyttur síðan. Eftir blástur virðist hiti ætla að stefna að áætluðum berghita á þessu dýpi, en lækkar svo meðan hola NJ-15 er í blæstri desember 1986 til júlí 1987. Eftir lokun holu NJ-15 dregur mjög úr þessari kælingu og virðist hiti í jarðhitakerfinu nú aftur fara hækkandi. Spá fyrir þessa holu gerir ráð fyrir þrýstilækkun um 0,6 bar/ári, eða um rúmt 1 bar á síðastliðnum tveim árum. Þetta er svipað og hugsanleg mæliskekkja, en mælingar úr holunni benda ekki beint til þrýstilækkunar.

Á yfirlitsmynd yfir þrýsting og hita á 1400 m dýpi í holu NJ-12 sést að þrýstingur og hiti hafa lítið breytst frá því fljótlega eftir lokun holunnar í júní 1986. Mældur þrýstingur sveiflast um áætlaðan upphafsþrýsting í jarðhitakerfinu á þessu dýpi eða kringum 109,0 bar. Hití virðist nokkuð stöðugur, en þó gæti verið að hann hafi hækkað á þessu ári. Hækkunin er þá um 1 °C, en það er svipað og hugsanleg mæliskekkja og því of snemmt að fullyrða um það. Spá fyrir þessa holu og holur í Kýrdal gerir ráð fyrir að áhrifa af blæstri hávermiholanna gæti ekki yfir í Kýrdal næstu árin. Ástæðan er sú að líkanið gerir ráð fyrir að Kýrdalur sé ekki í greiðum vatnafræðilegum tengslum við önnur vinnslusvæði.

Á yfirlitsmynd yfir þrýsting og hita á 1200 m dýpi í holu NJ-14 sést að þrýstingur náði fljótt jafnvægi eftir lokun holunnar í júní 1986. Þrýstingur hefur síðan frekar farið hækkandi og er nú um 0,5 bar hærri, en áætlaður upphafsþrýstingur (81,7 bar) jarðhitakerfisins á þessu dýpi. Lengri tíma tók fyrir hitann að jafna sig eftir blástur holunnar, en hann hefur nú verið nær óbreyttur síðastliðið hálf ári. Spá fyrir þessa holu gerir ráð fyrir litlum breytingum á næstu 5 árum. Þó er reiknað með þrýstilækkun um 0,3-0,4 bar/ári og að suða aukist í jarðhitakerfinu við holuna vegna blásturs hola 6, 9 og 13. Fyrir tvö ár eru þessar breytingar of litlar til að þær komi örugglega fram í mælingum, en ekki er greind nein þrýstilækkun í holunni ennþá.

Á yfirlitsmynd yfir þrýsting og hita á 1500 m dýpi í holu NJ-15 sést að þrýstingur liggur nálægt upphafsþrýstingi jarðhitakerfisins (114,5 bar), nema þann tíma sem hola blés frá desember 1986 til júlí 1987. Á myndinni sést hvernig hola hitnaði upp fyrir og við blástur, þá kemur kólnunin vel fram og hvernig hola hefur svo smátt og smátt verið að hitna síðan. Spáreikningar áætla um 0,6 bar þrýstilækkun á ári í jarðhitakerfinu við þessa holu. Ekkert bendir þó til að þrýstingur fari þar lækandi ennþá.

Á yfirlitsmynd fyrir holu NJ-17 eru sýndar breytingar í þrýstingi og hita á 1600 m dýpi síðastliðin 2 ár. Hólan blés á tímabilinu 23. september til 11. desember 1987. Á myndinni sést að hitinn hefur hækkað frá því fyrir blástur og hefur náð jafnvægi við ríkjandi berghita á þessu dýpi. Þrýstingur hefur jafnað sig eftir blásturinn og virðist jafnvel hafa hækkað frá því sem mældist í upphitun. Of snemmt er þó að fullyrða um það, þar sem breytingin er af sömu stærðargráðu og hugsanleg mæliskekkja. Nánar verður fjallað um hita- og þrýstimælingar í þessari holu í 4. áfangaskýrslu um holunna. Ekki hefur verið gerð spá um hegðun þessarar holu, en búast má við litlum sem engum breytingum á næstu árum á svipaðan hátt og fyrir holu NJ-12.

Á yfirlitsmynd fyrir holu NJ-18 eru sýndar breytingar í þrýstingi og hita á 1700 m dýpi síðastliðin 2 ár. Hólan blés á tímabilinu 11. september 1987 til 5. maí 1988. Á myndinni sést að þrýstingur hefur jafnað sig eftir blásturinn og er nær sá sami og fyrir blástur. Hitinn hefur hins vegar hækkað frá því fyrir blástur og hefur nú líklega náð jafnvægi við ríkjandi berghita á þessu dýpi. Nánar verður fjallað um hita- og þrýstimælingar í þessari holu í 4. áfangaskýrslu um holuna. Ekki eru til spáreikningar fyrir þann hluta jarðhitakerfisins þar sem hola NJ-18 er staðsett.

Helstu niðurstöður mælinga

- Hiti í holu NG-7 hefur hækkað töluvert á síðustu tveim árum eða um allt að 15 °C að jafnaði og virðist enn vera hækkandi. Hiti í holunni er nú hærri en hann hefur mælst nokkru sinni áður.
- Niðurdráttur í holu NG-7, sem kom fram við lokun holunnar, er sem fyrr 4,2 bar miðað við upphafsþrýsting og hefur ekki aukist á síðastliðnum árum.
- Kólnunar sem vart varð í holu NG-10 eftir blástur holu NJ-15 virðist að mestu lokið og er hiti jafnvel farinn að hækka aftur.
- Sú kæling sem varð í jarðhitakerfinu við holu NJ-15 vegna blásturs hennar er nú að mestu gengin til baka. Í vinnsluhluta holunnar nemur þessi kæling nú að jafnaði aðeins um 2-5 °C.
- Í öðrum holum verður ekki vart við marktækar hitabreytingar á milli mælinga. Einnig er þrýstingur nær óbreyttur frá upphafi vinnslu, ef tekið er tillit til mæliskekkju.
- Vinnslulíkan fyrir Nesjavelli spáir niðurdrætti sem eykst að jafnaði um 0,5 bar/ári vegna núverandi vinnslu hávermihola. Eftirlitsmælingarnar benda hins vegar til að niðurdrátturinn vaxi hægar en spá er.

Framhald mælingaefirlits

Nú er lokið mælingaefirliti fyrir árið 1988. Í ár voru flestar holur, sem stóðu lokaðar, mældar tvisvar. Á yfirlitsmyndum um holurnar má sjá að nú eru fengnar þokkalegar bakgrunnsupplýsingar um þessar holur. Á næsta ári mætti því fækka mælingum í einstaka holum úr tveimur á ári í eina. Í þeim holum sem breytinga hefur orðið vart er þó rétt að ráðgera enn tvær mælingar á ári, en það er fyrst og fremst í holu NG-7. Þá er rétt að líta til lengri tíma og átta sig á því hvaða holur verði síðast nýttar niðri í Nesjavalladal og uppi á fjalli. Þá er að gera sér grein fyrir hvernig þær holur henti sem eftirlitsholur með vinnslu úr jarðhitakerfinu. Þessar holur mætti síðan mæla oftar á ári eftir því sem ástæður þættu til.

Ekki var reynt að mæla holu KhG-1 við Kolviðarhól nú, þar sem hún er stífluð af útfellingum sem fundust við eftirlit í vor. Hér er minnt á, að æskilegt er að hreinsa þá holu fyrr en seinna. Svo holan nýtist sem eftirlitshola fyrir viðbrögð jarðhitakerfisins í vestanverðum Hengli við vinnslu á Nesjavöllum, þarf 2-3 ára yfirlit um holuna við nær ótruflað ástand. Þetta yfirlit er ekki til þar sem mælingar úr holunni vantar. Síðustu mælingar eru frá því skömmu eftir að holunni var lokað eftir blástur í febrúar 1987.

Heimildir

Guðmundur S. Böðvarsson 1987: Líkanreikningar fyrir jarðhitakerfi Nesjavalla. I. The Nesjavellir Geothermal Field, Iceland. Hitaveita Reykjavíkur, 186 s.

28. nóvember 1988
Ómar Sigurðsson

TAFLA 2

NESJAVELLIR HOLA NG-7

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 107 AÐF.NR: 6242

HITAMÆLING	Dagsetning	881026	Timi	0939	Mælir	EL-70525.	Kvörðun nr.	860814.
MÆLT AF	OMAR/GrB	Vatnsborð	0.00 m	Rennsli	0.00 l/s	Holutoppþrýstingur	43.00 bar	
	DYPI	HITI	ATHUGASEMDIR					
	m	C						
	0.00	235.30	MÆLINGIN ER					
	200.00	247.50	SAMSETT UR TVEIM					
	400.00	266.50	MÆLIFERÐUM I HOLU					
	600.00	276.70	MÆLT MILLI KL.					
	800.00	286.00	9:39-11:18 OG					
	900.00	290.10	15:17-16:10					
	1000.00	293.80	BLÆÐING VAR UR					
	1100.00	280.50	HOLU FYRIR MÆLINGU					
	1200.00	280.50						
	1300.00	281.00	BASE-LINA EKKI GOD					
	1400.00	282.00						
	1500.00	283.70						
	1600.00	289.00						
	1700.00	293.40						
	1800.00	308.70						
	1900.00	316.90						
	1968.00	325.00						

TAFLA 3

NESJAVELLIR HOLA NG-7

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 107 AÐF.NR: 6222

ÞRÝSTINGSMÆLING	Dagsetning	881026	Timi	1302	Mælir	EL-68556.	Kvörðun nr.	850906.
MÆLT AF	OMAR/GrB	Vatnsborð	0.00 m	Rennsli	0.00 l/s	Holutoppþrýstingur	44.00 bar	
	DYPI	ÞRÝSTINGUR	ATHUGASEMDIR					
	m	bar						
	0.00	43.58	HOLAN VAR A					
	200.00	44.73	BLÆÐINGU FYRIR					
	400.00	53.28	MÆLINGAR					
	600.00	61.65						
	800.00	70.30						
	900.00	74.39						
	1000.00	78.47						
	1100.00	85.98						
	1200.00	93.44						
	1300.00	100.92						
	1400.00	108.41						
	1500.00	115.89						
	1600.00	123.35						
	1700.00	130.76						
	1800.00	138.03						
	1900.00	145.21						
	1968.00	150.13						

TAFLA 4

NESJAVELLIR HOLA NG-10

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 110 ADF.NR: 6240

HITAMÆLING Dagsetning 881018 Timi 1825 Mæli R- 24585. Kvörðun nr. 0.
 MÆLT AF OMAR/GrB Vatnsborð 163.55 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 0.00 bar

DYPI
m

HITI
C

ATHUGASEMDIR

172.55	45.10	MÆLT NIÐUR MED
182.70	40.00	GO-MÆLI NR. 5
192.85	32.50	
203.00	30.90	VATNSBORÐ MIÐAÐ
213.15	30.90	VIÐ 3" LOKANN
223.30	28.90	
233.45	29.80	
243.60	31.10	AFLESTUR VAR
253.75	32.60	TEKINN SKV.
263.90	34.30	BEINTENGÐUM
274.05	36.60	TELJARA
284.20	39.80	
294.35	42.90	
304.50	45.50	
314.65	48.10	
324.80	49.30	
334.95	48.20	
345.10	45.70	
355.25	43.10	
365.40	39.30	
375.55	40.60	
385.70	42.80	
395.85	45.60	
406.00	49.90	
416.15	54.30	
426.30	59.00	
436.45	63.80	
446.60	67.70	
456.75	70.90	
466.90	73.80	
477.05	75.40	
487.20	77.20	
497.35	80.20	
507.50	84.40	
517.65	91.30	
527.80	101.10	
537.95	116.90	
548.10	139.50	

TAFLA 5

NESJAVELLIR HOLA NG-10

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 110 AÐF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 881019 Timi 0911 Mælir EL-68553. Kvörðun nr. 880823.
 MÆLT AF OMAR/GrB Vatnsborð 163.55 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 0.00 bar

DYPI HITI
 m C ATHUGASEMDIR

600.00	172.50	SAMSETT MÆLING
700.00	192.60	UR TVEIM
800.00	203.70	MÆLIFERÐUM
900.00	214.30	FYRRI HLUTI
1000.00	225.20	MÆLDUR MED
1100.00	232.30	ÞRYSTIMÆLINGU
1200.00	240.70	
1300.00	249.30	AÆTLADUR AFLESTUR
1400.00	258.10	
1500.00	267.30	
1600.00	270.70	
1700.00	274.30	
1760.00	279.30	

TAFLA 6

NESJAVELLIR HOLA NG-10

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 110 AÐF.NR: 6222

ÞRYSTINGSMÆLING Dagsetning 881019 Timi 0911 Mælir EL-68556. Kvörðun nr. 850906.
 MÆLT AF OMAR/GrB Vatnsborð 163.55 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 0.00 bar

DYPI ÞRYSTINGUR
 m bar ATHUGASEMDIR

200.00	3.83	MÆLT NIÐUR MED
400.00	23.78	HITAMÆLINGU
600.00	43.25	KLUKKA GEKK ILLA
700.00	51.64	MILLI 1400-1700 m
800.00	60.15	
900.00	68.66	
1000.00	77.03	
1100.00	85.27	
1200.00	93.27	
1300.00	101.35	
1400.00	108.97	AÆTLADUR AFLESTUR
1500.00	117.04	OVISS AFLESTUR
1600.00	124.72	AÆTLADUR AFLESTUR
1700.00	132.46	
1760.00	137.04	

TAFLA 7

NESJAVELLIR HOLA NJ-12

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 112 ADF.NR: 6240

HITAMÆLING Dagsetning 881025 Timi 1345 Mælin R- 24585. Kvörðun nr. 0.
 MÆLT AF OMAR/GrB Vatnsborð 124.77 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 0.00 bar

DYPI
mHITI
C

ATHUGASEMDIR

130.00	4.50	MÆLT NIÐUR MED
140.00	5.00	GO-MÆLI NR. 4
150.00	7.70	
160.00	8.00	VATNSBORÐ MIDAÐ
170.00	7.90	VIÐ EFRI KRAGA
180.00	8.50	A AÐALLOKA
190.00	5.00	
200.00	5.20	
210.00	7.60	
220.00	10.50	
230.00	11.80	
240.00	13.30	
250.00	15.50	
260.00	17.40	
270.00	18.90	
280.00	20.30	
290.00	22.10	
300.00	23.90	
310.00	25.50	
320.00	26.80	
330.00	28.00	
340.00	29.20	
350.00	30.60	
360.00	31.70	
370.00	33.10	
380.00	34.80	
390.00	36.70	
400.00	37.60	
410.00	38.30	
420.00	40.30	
430.00	42.90	
440.00	45.80	
450.00	48.60	
460.00	51.40	
470.00	53.20	
480.00	54.40	
490.00	55.90	
500.00	57.90	
510.00	60.40	
520.00	63.10	
530.00	65.90	
540.00	68.70	
550.00	71.00	
560.00	72.90	
570.00	75.30	
580.00	77.40	
590.00	79.20	
600.00	80.90	
610.00	82.60	
620.00	84.30	

TAFLA 7 frh.

NESJAVELLIR HOLA NJ-12

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STAÐS.NR: 112 AÐF.NR: 6240

HITAMÆLING	Dagsetning	881025	Timi	1345	Mælir R-	24585.	Kvörðun nr.	0.
MÆLT AF	OMAR/GrB	Vatnsborð	124.77 m	Rennsli	0.00 l/s	Holutoppþrýstingur	0.00 bar	
	DYPI	HITI	ATHUGASEMDIR					
	m	C						
	630.00	86.10						
	640.00	88.20						
	650.00	91.00						
	660.00	94.20						
	670.00	99.50						
	680.00	107.90						
	690.00	121.10						
	700.00	141.10						

TAFLA 8

NESJAVELLIR HOLA NJ-12

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STAÐS.NR: 112 AÐF.NR: 6242

HITAMÆLING	Dagsetning	881025	Timi	1434	Mælir EL-	70525.	Kvörðun nr.	860814.
MÆLT AF	OMAR/GrB	Vatnsborð	124.77 m	Rennsli	0.00 l/s	Holutoppþrýstingur	0.00 bar	
	DYPI	HITI	ATHUGASEMDIR					
	m	C						
	800.00	252.70	MÆLT NIÐUR MEÐ					
	900.00	263.90	ÞRÝSTIMÆLINGU					
	1000.00	288.20						
	1100.00	296.90	DYPI MIÐAST VIÐ					
	1200.00	303.90	EFRI KRAGA A					
	1300.00	307.90	AÐALLOKA					
	1400.00	308.90						
	1500.00	309.50						
	1600.00	311.50						
	1700.00	312.70						
	1802.00	315.00						

TAFLA 9

NESJAVELLIR HOLA NJ-12

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STAÐS.NR: 112 AÐF.NR: 6222

ÞRÝSTINGSMÆLING	Dagsetning	881025	Timi	1434	Mælir EL-	68556.	Kvörðun nr.	850906.
MÆLT AF	OMAR/GrB	Vatnsborð	124.77 m	Rennsli	0.00 l/s	Holutoppþrýstingur	0.00 bar	
	DYPI	ÞRÝSTINGUR	ATHUGASEMDIR					
	m	bar						
	200.00	7.74	MÆLT NIÐUR MEÐ					
	400.00	27.97	HITAMÆLINGU					
	600.00	47.76						
	700.00	57.49	DYPI MIÐAST VIÐ					
	800.00	64.61	EFRI KRAGA A					
	900.00	72.82	AÐALLOKA					
	1000.00	80.86						
	1100.00	88.40						
	1200.00	95.56						
	1300.00	102.72						
	1400.00	109.92						
	1500.00	116.84						
	1600.00	123.78						
	1700.00	130.80						
	1802.00	137.75						

TAFLA 10

NESJAVELLIR HOLA NJ-14

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STAÐS.NR: 114 ADF.NR: 6242

HITAMÆLING	Dagsetning	881019	Timi 1442	Mælir EL-68553.	Kvörðun nr. 880823.
MÆLT AF OMAR/GrB	Vatnsborð	0.00 m	Rennsli	0.00 l/s	Holutoppþrýstingur 7.20 bar
	DYPI	HITI	ATHUGASEMDIR		
	m	C			
	200.00	176.20	HOLA HEFUR VERIÐ		
	400.00	213.70	A BLÆÐINGU		
	500.00	227.50			
	600.00	239.30			
	700.00	249.70			
	800.00	258.20			
	900.00	261.70			
	1000.00	266.40			
	1100.00	269.50			
	1200.00	272.90			
	1268.00	274.90			

TAFLA 11

NESJAVELLIR HOLA NJ-14

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STAÐS.NR: 114 ADF.NR: 6222

ÞRYSTINGSMÆLING	Dagsetning	881019	Timi 1622	Mælir EL-68556.	Kvörðun nr. 850906.
MÆLT AF OMAR/GrB	Vatnsborð	0.00 m	Rennsli	0.00 l/s	Holutoppþrýstingur 7.20 bar
	DYPI	ÞRYSTINGUR	ATHUGASEMDIR		
	m	bar			
	0.00	7.77	HOLAN HEFUR VERIÐ		
	200.00	9.43	A BLÆÐINGU		
	400.00	22.65			
	500.00	29.93			
	600.00	37.19			
	700.00	44.20			
	800.00	51.34			
	900.00	59.16			
	1000.00	66.92			
	1100.00	74.60			
	1200.00	82.16			
	1268.00	87.21			

TAFLA 12

NESJAVELLIR HOLA NJ-15

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STADS.NR: 115 ADF.NR: 6240

HITAMÆLING Dagsetning 881019 Timi 1850 Mæli R- 24585. Kvörðun nr. 0.
MÆLT AF OMAR/GrB Vatnsborð 143.30 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 0.00 bar

DYPI

HITI

ATHUGASEMDIR

m

C

152.25	50.40
162.40	56.30
172.55	61.90
182.70	66.90
192.85	69.80
203.00	71.10
213.15	72.40
223.30	72.20
233.45	62.30
243.60	55.30
253.75	48.80
263.90	44.30
274.05	40.90
284.20	40.20
294.35	38.30
304.50	36.80
314.65	35.30
324.80	33.10
334.95	30.00
345.10	29.70
355.25	31.10
365.40	35.60
375.55	42.60
385.70	50.40
395.85	57.60
406.00	64.40
416.15	69.70
426.30	74.20
436.45	79.10
446.60	83.50
456.75	88.00
466.90	93.70
477.05	99.10
487.20	105.50
497.35	111.50
507.50	117.90
517.65	124.30
527.80	130.20
537.95	136.50

MÆLT NIÐUR MED
GO-MÆLI NR. 5

VATNSBORD MIDAST
VID 3" LOKANN

AFLESTUR TEKINN
A HEILUM TUG SKV
BEINTENGUM
TELJARA

TAFLA 13

NESJAVELLIR HOLA NJ-15

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STAÐS.NR: 115 AÐF.NR: 6242

HITAMÆLING	Dagsetning	881020	Timi	0920	Mælir	EL-68553.	Kvörðun nr.	880823.
MÆLT AF	OMAR/GrB	Vatnsborð	143.30 m	Rennsli	0.00 l/s	Holutoppþrýstingur	0.00 bar	
	DYPI	HITI						
	m	C	ATHUGASEMDIR					
	600.00	163.70	MÆLT NIÐUR MEÐ					
	700.00	211.40	ÞRYSTIMÆLINGU					
	800.00	246.40						
	900.00	255.00	VATNSBORÐ MIÐAST					
	1000.00	267.10	VIÐ 3" LOKANN					
	1100.00	273.40						
	1200.00	277.90						
	1300.00	282.10						
	1400.00	275.30						
	1500.00	270.40						
	1600.00	274.20						
	1707.00	287.70						

TAFLA 14

NESJAVELLIR HOLA NJ-15

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STAÐS.NR: 115 AÐF.NR: 6222

ÞRYSTINGSMÆLING	Dagsetning	881020	Timi	0920	Mælir	EL-68556.	Kvörðun nr.	850906.
MÆLT AF	OMAR/GrB	Vatnsborð	143.30 m	Rennsli	0.00 l/s	Holutoppþrýstingur	0.00 bar	
	DYPI	ÞRYSTINGUR						
	m	bar	ATHUGASEMDIR					
	200.00	5.74	MÆLT NIÐUR MEÐ					
	400.00	25.71	HITAMÆLINGU					
	500.00	35.50						
	600.00	44.76	VATNSBORÐ MIÐAST					
	700.00	53.00	VIÐ 3" LOKANN					
	800.00	61.11						
	900.00	69.24						
	1000.00	77.22						
	1100.00	84.86						
	1200.00	92.53						
	1300.00	100.02						
	1400.00	107.52						
	1500.00	115.05						
	1600.00	122.51						
	1707.00	130.20						

TAFLA 15

NESJAVELLIR HOLA NJ-17

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 117 ADF.NR: 6240

HITAMÆLING Dagsetning 881123 Timi 1135 Mæli R- 24585. Kvörðun nr. 0.
 MÆLT AF OMAR/GrB Vatnsborð 227.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 0.00 bar

DYPI
m

HITI
C

ATHUGASEMDIR

230.00	34.70
240.00	35.50
250.00	37.30
260.00	37.80
270.00	36.90
280.00	35.50
290.00	36.20
300.00	36.30
310.00	38.40
320.00	41.50
330.00	44.10
340.00	46.60
350.00	48.70
360.00	50.50
370.00	51.90
380.00	52.20
390.00	51.40
400.00	52.00
410.00	52.60
420.00	50.00
430.00	49.10
440.00	51.10
450.00	54.90
460.00	59.90
470.00	64.70
480.00	68.60
490.00	71.50
500.00	74.10
510.00	76.40
520.00	78.00
530.00	79.60
540.00	81.10
550.00	82.70
560.00	84.30
570.00	86.00
580.00	87.80
590.00	90.00
600.00	93.30
610.00	98.60
620.00	106.80
630.00	121.30
640.00	140.90

MÆLT NIÐUR MEÐ
GO-MÆLI NR. 4

VATNSBORÐ MIÐAST
VIÐ KRAGA A
RAFMAGNSLOKA

TAFLA 16

NESJAVELLIR HOLA NJ-17

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STAÐS.NR: 117 AÐF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 881123 Timi 1336 Mælir EL-69436. Kvörðun nr. 880504.
 MÆLT AF OMAR/GrB Vatnsborð 227.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 0.00 bar

DYPI HITI
 m C ATHUGASEMDIR

700.00	144.20	MÆLT NIÐUR MEÐ
800.00	172.10	ÞRYSTIMÆLINGU
900.00	187.80	
1000.00	224.90	VATNSBORÐ MIÐAST
1100.00	234.60	VIÐ KRAGA A
1200.00	239.70	RAFMAÐNSLOKA
1300.00	242.30	
1400.00	244.10	
1500.00	245.30	
1600.00	243.70	
1700.00	234.40	
1800.00	221.00	
1900.00	219.70	
1952.00	220.50	

TAFLA 17

NESJAVELLIR HOLA NJ-17

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STAÐS.NR: 117 AÐF.NR: 6222

ÞRYSTINGSMÆLING Dagsetning 881123 Timi 1336 Mælir EL-68556. Kvörðun nr. 850905.
 MÆLT AF OMAR/GrB Vatnsborð 227.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 0.00 bar

DYPI ÞRYSTINGUR
 m bar ATHUGASEMDIR

300.00	7.86	MÆLT NIÐUR MEÐ
500.00	27.85	HITAMÆLINGU
700.00	47.24	
800.00	56.06	VATNSBORÐ MIÐAST
900.00	64.80	VIÐ KRAGA A
1000.00	73.29	RAFMAÐNSLOKA
1100.00	81.72	
1200.00	90.03	
1300.00	98.26	
1400.00	106.48	
1500.00	114.64	
1600.00	122.80	
1700.00	131.09	
1800.00	139.51	
1900.00	147.94	
1952.00	152.25	

TAFLA 18

NESJAVELLIR HOLA NJ-18

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STADS.NR: 118 AÐF.NR: 6240

HITAMÆLING Dagsetning 881018 Timi 1335 Mæli R- 24585. Kvörðun nr. 0.
 MÆLT AF OMAR/GrB Vatnsborð 135.20 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 0.00 bar

DYPI
m

HITI
C

ATHUGASEMDIR

142.10	3.30	MÆLT NIÐUR MEÐ
152.25	3.40	GO-MÆLI NR. 5
162.40	3.50	
172.55	4.30	VATNSBORÐ MIÐAST
182.70	5.90	VIÐ 3" LOKANN
192.85	7.70	
203.00	7.00	AFLESTUR VAR TEKIN
213.15	12.00	A HEILUM TUG SKV
223.30	16.90	BEINTENGÐUM
233.45	21.60	TELJARA
243.60	17.10	
253.75	15.50	
263.90	17.50	
274.05	22.70	
284.20	27.60	
294.35	25.30	
304.50	28.40	
314.65	31.00	
324.80	33.60	
334.95	36.50	
345.10	39.70	
355.25	41.90	
365.40	37.70	
375.55	37.30	
385.70	39.90	
395.85	41.50	
406.00	43.00	
416.15	46.30	
426.30	39.90	
436.45	40.80	
446.60	45.30	
456.75	48.60	
466.90	51.40	
477.05	55.30	
487.20	58.30	
497.35	61.50	
507.50	55.80	
517.65	54.70	
527.80	58.80	
537.95	61.80	
548.10	64.60	
558.25	67.00	
568.40	67.80	
578.55	71.00	
588.70	73.90	
598.85	76.70	
609.00	69.60	
619.15	71.70	
629.30	71.50	
639.45	73.20	

TAFLA 18 frh.

NESJAVELLIR HOLA NJ-18

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STADS.NR: 118 ADF.NR: 6240

HITAMÆLING Dagsetning 881018 Timi 1335 Mælir R- 24585. Kvörðun nr. 0.
 MÆLT AF OMAR/GrB Vatnsborð 135.20 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 0.00 bar

DYPI HITI
 m C ATHUGASEMDIR

649.60	77.00
659.75	80.80
669.90	83.80
680.05	86.10
690.20	88.50
700.35	90.60
710.50	92.40
720.65	94.40
730.80	96.70
740.95	98.50
751.10	100.30
761.25	102.50
771.40	104.80
781.55	107.70
791.70	111.50
801.85	117.00
812.00	125.40
822.15	140.20

TAFLA 19

NESJAVELLIR HOLA NJ-18

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STADS.NR: 118 ADF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 881018 Timi 1442 Mælir EL-68553. Kvörðun nr. 880823.
 MÆLT AF OMAR/GrB Vatnsborð 135.20 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 0.00 bar

DYPI HITI
 m C ATHUGASEMDIR


900.00	166.30	MÆLT NIÐUR MEÐ
1000.00	179.10	ÞRYSTIMÆLINGU
1100.00	186.30	
1200.00	192.80	VATNSBORÐ MIÐAST
1300.00	198.50	VIÐ 3" LOKANN
1400.00	203.60	
1500.00	206.30	
1600.00	213.70	
1700.00	224.70	
1800.00	234.30	
1900.00	248.40	
1984.00	255.10	

TAFLA 20

NESJAVELLIR HOLA NJ-18


HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STADS.NR: 118 ADF.NR: 6222


ÞRYSTINGSMÆLING	Dagsetning	881018	Timi	1442	Mælir	EL-68556.	Kvörðun nr.	850906.
MÆLT AF	OMAR/GrB	Vatnsborð	135.20 m	Rennsli	0.00 l/s	Holutoppþrýstingur	0.00 bar	
	DYPI	ÞRYSTINGUR						
	m	bar						ATHUGASEMDIR
	200.00	6.58						MÆLT NIDUR MEÐ
	400.00	26.88						HITAMÆLINGU
	600.00	46.60						
	800.00	65.97						VATNSBORÐ MIÐAST
	900.00	75.22						VIÐ 3" LOKANN
	1000.00	83.69						
	1100.00	92.36						KLUKKA SNUÐAR OG
	1200.00	101.12						SLEÐI GENGUR UT
	1300.00	109.76						I 1800 m DYPI
	1400.00	118.40						
	1500.00	126.98						
	1600.00	135.42						
	1700.00	143.68						
	1800.00	152.07						
	1900.00	159.75						AÆTLADUR AFLESTUR
	1984.00	167.08						OVISS MAX AFLESTUR



JHD-BM-8715-Omar
88.11.0589 T


NESJAVELLIR HOLA NG-7 Hitamælingar






JHD-BM-8715-Ómar
88.11.0590 T

NESJAVELLIR HOLA NG-7 Þrýstimælingar




JHD-BM-8715-Omar
88.11.0591 T


NESJAVELLIR HOLA NG-10 Hitamælingar



JHD-BM-8715-Omar
88.11.0592 T


NESJAVELLIR HOLA NG-10 Hitamælingar





JHD-BM-8715-Ómar
88.11.0593 T


NESJAVELLIR HOLA NG-10 Þrýstimælingar






JHD-BM-8715-Omar
88.11.0594 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-12 Hitamælingar






JHD-BM-8715-0mar
88.11.0595 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-12 Hitamælingar






JHD-BM-8715-Ómar
88.11.0596 T

NESJAVELLIR HOLA NJ-12 Þrýstimælingar



JHD-BM-8715-Omar
88.11.0597 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-14 Hitamælingar






JHD-BM-8715-Ómar
88.11.0598 T

NESJAVELLIR HOLA NJ-14 Þrýstimælingar




JHD-BM-8715-Omar
88.11.0599 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-15 Hitamælingar



JHD-BM-8715-Omar
88.11.0600 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-15 Hitamælingar






JHD-BM-8715-Ómar
88.11.0601 T

NESJAVELLIR HOLA NJ-15 Þrýstimælingar





JHD-BM-8715-Ómar
88.11.0602 T

NESJAVELLIR HOLA NJ-17 Hitamælingar




NESJAVELLIR HOLA NJ-17 Hitamælingar






JHD-BM-8715-Ómar
88.11.0604 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-17 Þrýstimælingar






JHD-BM-8715-0mar
88.11.0605 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-18 Hitamælingar






JHD-BM-8715-Omar
88.11.0606 T

NESJAVELLIR HOLA NJ-18 Hitamælingar




JHD-BM-8715-Ómar
88.11.0607 T

NESJAVELLIR HOLA NJ-18 Þrýstimælingar




JHD-BM-8715-Omar
88.11.0608 T

NESJAVELLIR HOLA NG-7 Prýstingur og hiti á 1400 m dýpi



JHD-BM-8715-Qmar
88.11.0609 T


NESJAVELLIR HOLA NG-10 þrýstingur og hiti á 1500 m dýpi



JHD-BM-8715-Omar
88.11.0610 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-12

brýstingur og hiti á 1400 m dýpi




JHD-BM-8715-Omar
88.11.0613 T

NESJAVELLIR HOLA NJ-15 Þrýstingur og hiti á 1500 m dýpi



JHD-BM-8715-Omar
88.11.0611 T

NESJAVELLIR HOLA NJ-17 prýstingur og hiti á 1600 m dýpi



IF JHD-BM-8715-Qmar
88.11.0614 T

NESJAVELLIR HOLA NJ-18

Prýstingur og hiti á 1700 m dýpi

